

Kórstjóri við Digranes- og Hjallaprestakall

Kórstjóri við Digranes- og Hjallaprestakall

Starf kórstjóra við Digranes- og Hjallaprestakall, Kópavogi, er nú laust til umsóknar. Um er að ræða 85% stöðu og verður ráðið í starfið frá og með 1. ágúst 2025 eða eftir samkomulagi. Kórstjóri heldur utan um kórastarf kirknanna í samstarfi við organista, á gott samstarf við starfsfólk og presta kirknanna og veitir stuðning við annað safnaðarstarf eftir þörfum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stofnun og ut anumhald kirkjukórs Digranes- og Hjallakirkju.
- Umsjón með barnakór Digranes- og Hjallakirkju.
- Efling kórastarfs innan kirknanna og umsjón með því.
- Hljóðfæraleikur og kórstjórn við messur einu sinni í mánuði.
- Stuðningur við annað safnaðarstarf Digranes- og Hjallakirkju.
- Náið samstarf við organista kirknanna um kórastarf og annað tónlistarstarf kirknanna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í kórstjórn.
- Reynsla af kórstjórn og fjölbreyttri kórtónlist.
- Hæfni og metnaður til að byggja upp kraftmikið og fjölbreytt kórastarf fyrir alla aldurshópa.
- Kunnátta á hljómborðshljóðfæri við guðspjónustur.
- Fagleg framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af vinnu með fjölbreyttum hópi fólks.
- Áhugi á kirkjustarfi.
- Æskilegt er að viðkomandi sé skapandi í kórastarfinu og sýni framsækni og nýjungargirni í tónlistarvali.

Starfskjör, réttindi og skyldur eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hljómlistarmanna og launanefndar Þjóðkirkjunnar. Við hvetjum fólk til að sækja um starfið óháð kyni og uppruna.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá, stutt kynningarbréf og staðfesting á prófskírteinum.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2025 og skulu umsóknir berast rafrænt á netfangið hjallakirkja@hjallakirkja.is

Frekari upplýsingar um starfið veita Tinna Rós Steinsdóttir, ritari sóknarnefndar Digraneskirkju í síma 774-1532 og Andrés Jónsson, formaður sóknarnefndar Hjallakirkju í síma 860 1726.

Öllum umsóknum verður svarað.